

Mánudaginn 19. október 1998.

Nr. 12/1998.

**Alþýðusamband Íslands f.h.  
Sjómannasambands Íslands vegna  
Sjómannafélags Reykjavíkur og  
Farmanna- og fiskimannasambands Íslands  
vegna Skipstjóra- og stýrimannafélagsins  
Öldunnar**

(Jóhann Halldórsson hdl.)

gegn

**Vinnuveitendasambandi Íslands f.h.  
Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h.  
Útvegsmannafélags Reykjavíkur vegna  
Granda hf.**

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Kjarasamningur. Skiptakjör.

**Dómur Félagsdóms.**

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson og Valgeir Pálsson.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. okt. sl., var höfðað með stefnu, útgefni 10. sept. sl. og þingfestri 21. sept. sl.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna Sjómannafélags Reykjavíkur og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands vegna Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Reykjavíkur vegna Granda hf.

Dómkröfur stefnanda:

Að viðurkennt verði að stefnda, Granda hf., sé skylt að ganga til samningsgerðar við fulltrúa Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands um fiskverð sem lagt verði til grundvallar við hlutaskipti á togaranum Ásbirni RE-50 skv. umboði er áhöfnin veitti þessum aðilum þann 14.07.1998.

Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum málskostnað að mati dómsins auk álags sem nemur virðisauka-skatti.

Dómkröfur stefnda:

Stefndi krefst sýknu af dómkröfum stefnenda og málskostnaðar að skaðlausu óskipt úr þeirra hendi. Við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

*Málavaxtalýsing stefnanda.*

Málavextir eru þeir að þann 22. febrúar 1996 var kveðinn upp úrskurður í úrskurðarnefnd sjómanna- og útvegsmanna um fiskverð til handa áhöfn togarans Ásbjörns RE-50 sem Grandi hf. gerir út. Var sá úrskurður kveðinn upp með atkvæðum meirihluta formanns og útvegsmanna gegn andmælum fulltrúa sjómanna. Skyldi sá úrskurður gilda í þrjá mánuði skv. ákvæðum 2. mgr. II. kafla greinar í 1.26. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landsambands íslenskra útvegsmanna samanber og sambærileg ákvæði í kjarasamningi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands við sama aðila, sbr. gein 1.03. Er því liðið á þriðja ár frá því að gildistíma úrskurðarins skyldi ljúka.

Samkvæmt tilvitnuðum greinum í kjarasamningi aðila eru þannig liðin tvö ár og 3 mánuðir frá því að nefndur úrskurður féll úr gildi. Samkvæmt úrskurðinum var verð á karfa, ufsa og þroski til grundvallar hlutskiptum ákvarðað eftir stærð eða þyngd ofangreindra fisktegunda. Það meðalverð sem greitt er samkvæmt úrskurðinum er nánast sama meðalverð sem fram kemur í upplýsingum frá Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna þegar um bein viðskipti er að ræða. Í júnímánuði 1998 var meðalverð í beinum viðskiptum eftirfarandi:

Karfi:	36,68 kr./kg.
Ufsi:	45,35 kr./kg.
Porskur	73,02 kr./kg.

Fyrirnefndur úrskurður nefndarinnar tók til þriggja skipa stefnda, Granda hf., þ.e. Ásbjörns RE-50, Viðeyjar RE-6 og Ottós N. Þorlákssonar RE-203. Að sögn stefnanda hafa áhafnir þessara skipa haft fullan vilja til þess að reynt yrði að ná samningi milli aðila um nýtt fiskverð á síðastliðnum tveimur árum. Hafi ekkert orðið úr slíkri samningsgerð við áhöfn skipsins Ásbjörns RE-50. Að sögn lögmanns stefnanda sömdu áhafnir skipanna Viðeyjar RE-6 og Ottós N. Þorlákssonar RE-203 um nýtt fiskverð við Granda hf. eftir höfðun máls þessa. Af hálfu stefnanda er því haldið fram að samningsstaða áhafna sé afleit. Skipti þar mestu reynsluleysi viðkomandi

skipverja auk þess sem þá skorti algerlega marktækar upplýsingar til viðmiðunar um fiskverð við samningsgerðina. Telja skipverjar þannig að aðstöðumunur aðila auk návígisins við útgerðina hafi útilokað möguleika þeirra til hagstæðrar samningsgerðar. Hafi niðurstaðan því orðið sú að áhafnir þessara skipa hafi ekki treyst sér til samningsgerðar en auk þess hafi stefndi, Grandi hf., ekkert frumkvæði haft til samningsgerðar. Þannig sé úrskurði nefndarinnar frá 22. febrúar 1996 enn fylgt við ákvörðun fiskverðs við uppgjör hlutaskipta þrátt fyrir að liðin séu rúm tvö ár frá því að hann hafi fallið úr gildi.

Samkvæmt upplýsingum frá úrskurðarnefnd sjómanna og útvegs-  
manna sem unnar eru af Fiskifélagi Íslands vegna júnímánaðar 1998  
sé meðalverð á markaði fyrir nefndar tegundir eftirfarandi í dag:

Karfi:	64,60 kr./kg.
Ufsi:	64,56 kr./kg.
Þorskur:	112,98 kr./kg.

Þannig sé meðalverð til grundvallar hlutaskiptum til handa áhöfn  
Ásbjörns RE-50, sem stefndi Grandi hf. gerir út, mun lægra en  
meðalverð á fiskmörkuðum. Hlutfallslegur munur sé:

Karfi:	Markaðsverð 76% hærra en það sem Grandi greiðir.
Ufsi:	Markaðsverð 42% hærra en það sem Grandi greiðir.
Þorskur:	Markaðsverð 55% hærra en það sem Grandi greiðir.

Að mati skipverja á Ásbirni RE-50 sé augljóst að fiskverð það  
sem lagt er til grundvallar í viðskiptum aðila sé fráleitt hæsta gang-  
verð í skilningi kjarasamninga aðila, sbr. 1. kafla greinar 1.26. í  
kjarasamningi SSÍ og 1. mgr. greinar 1.03. í kjarasamningi FFSÍ. Þar  
sem skipverjar hafi talið þessa stöðu sína óviðunandi hafi þeir tekið  
þá ákvörðun að fela fulltrúum Sjómannasambands Íslands og Far-  
manna- og fiskimannasambands Íslands umboð til samningagerðar  
um fiskverð við stefnda, Granda hf., hinn 14. júlí 1998. Umboðið  
hafi verið veitt með yfirlýsingu nær allra skipverja sem starfa um  
borð í umræddu skipi. Umboð stefnenda til samningsgerðar var  
kynnt stefnda, Granda hf., með bréfi dags. 15. júlí 1998. Þann sama  
dag sendi stefndi, Grandi hf., fyrirsvarsmönnum stefnenda, SSÍ og  
FFSÍ símbréf, þar sem tilkynnt var að fyrirtækið liti svo á að það  
semdi beint við áhafnir sínar og væri reiðubúið til þess hvenær sem  
er. Var jafnframt tilkynnt að í framhaldinu yrði haft samband við  
áhöfn Ásbjörns RE-50. Þann 16. júlí 1998 sendu stefnendur stefnda

bréf þar sem fram kom sú afstaða stefnenda að þrátt fyrir að óumdeilt væri að áhafnir viðkomandi skipa væru samningsaðilar þá væri ljóst að þeim aðilum væri heimilt að fela þriðja aðila umboð til samningsgerðar samkvæmt skriflegu umboði. Í sama bréfi var óskað eftir viðræðum við fulltrúa stefnda í samræmi við bréf sömu aðila, dags. 15. júlí 1998. Svarbréf barst frá stefnda þann 16. júlí 1998 þar sem ítrekuð var sú afstaða stefnda að fyrirtækið teldi stéttarfélögum óheimilt að annast milligöngu vegna samninga um fiskverð. Var jafnframt tilkynnt að fyrirtækið myndi vísa málinu til hagsmunasamtaka sinna þar sem það teldi ágreining aðila snerta grundvallaratriði kjarasamninga.

Í framhaldi af synjun stefnda, Granda hf., um viðræður við umboðsmenn áhafnar Ásbjörns RE-50 var málinu vísað til úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna með bréfi stefnenda, dags. 23. júlí 1998.

Þann 19. ágúst 1998 var málinu vísað frá úrskurðarnefnd með atkvæðum meirihluta formanns og útvegsmanna, sbr. dskj. nr. 12. Var úrskurðurinn rökstuddur m.a. með vísan til þess að þrátt fyrir þá meginreglu að hverjum lögráða einstaklingi sé heimilt að fela öðrum samningsgerð (með umboði) kynnu aðstæður að vera með þeim hætti að nauðsynlegt væri vegna sérstakra aðstæðna viðsemjanda eða eðli samkomulags að víkja þar frá. Var síðan vísað til þess að ef vilji sjómannasamtakanna kæmi til framkvæmda þá myndu einstakir samningar um fiskverð milli áhafna og útgerða fljótlega heyra sögunni til og þróast yfir í miðstýrt fiskverð sem heildarsamtökin myndu móta en því fyrirkomulagi hefði fyrir löngu verið kastað fyrir róða. Þannig taldi nefndin að útgerð og áhöfn væri bæði rétt og skylt að reyna að ná samningi sín á milli um fiskverð án beinna afskipta hagsmunasamtaka.

Í stefnu segir að skipverjar á Ásbirni RE-50 treysti sér ekki til samningaviðræðna við fyrirsvarsmenn stefnda, Granda hf., sem neiti að eiga viðræður við löglega umboðsmenn þeirra.

*Málsástæður og rökstuðningur stefnenda.*

Stefnendur byggja málssókn sína á því að stefnda, Granda hf., sé skylt að ganga til samningsgerðar við þá aðila sem áhöfnin á Ásbirni hefur falið umboð til samningsgerðar.

Hvergi sjái þess stað í kjarasamningi aðila að óheimilt sé að fela þriðja aðila umboð til samningsgerðar. Engu breyti þó að orðalag

kjarasamnings aðila sé með þeim hætti að þar segi að aðilar skuli gera samning „sín á milli“ eins og fyrirvarsmenn stefnda hafa lagt mikla áherslu á. Um það sé ekki deilt að viðsemjendur séu þeir aðilar sem kjarasamningur gerir ráð fyrir, þ.e. annars vegar áhöfn og hins vegar útgerð. Umboð það sem skipverjar hafa veitt stefndum veiti þeim ekki rétt til þess að ganga frá bindandi samningi um fiskverð. Samkvæmt orðalagi umboðsins nái umboðið aðeins til þess að gera samning um fiskverð og undirrita hann með fyrirvara um samþykki áhafnar. Þannig sé ljóst að endanleg samningsgerð velti aðeins á vilja skipverja sjálfra.

Samkvæmt meginreglum samningaréttar og lögum um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa nr. 7/1936 sé hverjum lögráða einstaklingi heimilt að veita þriðja aðila umboð til að gera hvers kyns löggæringa fyrir sína hönd. Slíkir löggæringar séu að fullu gildir að því tilskildu að umboðsmaður haldi sig innan marka umboðs. Umboð það sem um ræðir í þessu máli hafi verið veitt stefndum skriflega og samrit þess afhent stefnda sem viðsemjanda. Velkist hann ekki í vafa um heimildir stefnenda skv. umræddu umboði.

Þá beri einnig að líta til þess að mati stefnenda að jafnvel þó að litið yrði svo á að viðkomandi aðilar þeirra kjarasamninga, sem um ræðir, hafi áður samið um tiltekna framkvæmd á samningsgerð milli áhafna og útgerða þá sé ljóst að heimilt sé að víkja frá umræddum ákvæðum kjarasamnings aðila með samþykki viðkomandi stéttarfélags. Í því tilviki, sem hér um ræðir, sé ljóst að viðkomandi stéttarfélög, Sjómannafélag Reykjavíkur og Skipstjóra og stýrimannafélagið Aldan, hafi samþykkt þau afbrigði frá ákvæðum kjarasamnings aðila sem umrætt umboð hugsanlega geri ráð fyrir.

Að mati stefnenda verður og að líta til þess að óheimilt sé með vísan til almennra mannréttinda að svipta félagsmenn í stéttarfélagum heimild til þess að gera slíka löggæringa sem umrætt umboð feli í sér. Verði slík takmörkun á samningsfrelsi og mannréttindum félagsmanna í viðkomandi sjómannafélagi ekki rökstudd með vísan til þess að kjarasamningur aðila geri ráð fyrir annarri framkvæmd á samningsgerð aðila. Með fullgildingu íslenska ríkisins þann 22. ágúst 1979, sbr. c-deild stjórnartíðinda nr. 10/1979, á alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, hafi íslenska ríkið skuldbundið sig, skv. 8. gr. þess samnings, til þess að

ábyrgjast annars vegar rétt allra til þess að stofna stéttarfélög og gerast félagar í því stéttarfélagi sem þeir veldu, einungis að áskildum reglum hlutaðeigandi félags, sbr. a-lið 8. gr. Hins vegar skuldbatt íslenska ríkið sig til þess að vernda rétt allra stéttarfélaga til þess að starfa óhindrað, að engum takmörkunum áskildum öðrum en þeim sem mælt er fyrir í lögum og nauðsynlegar eru í lýðfrjálsu þjóðfélagi í þágu þjóðaröryggis eða allsherjarreglu eða til þess að vernda réttindi og frelsi annarra, sbr. c-lið 8. gr. Að mati stefnanda er ljóst að hvers kyns takmörkun á heimildum félagsmanna Sjómannafélags Reykjavíkur til þess að fela Sjómannasambandi Íslands umboð til þeirra ráðstafana, sem um er rætt í þessu máli, myndi fela í sér brot gegn hinum tilvitnuðu ákvæðum í alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi sem íslenska ríkið er skuldbundið til þess að virða.

Þá ber að mati stefnanda að líta til þess að veiting umboðs til sanningsgerðar hafi margs konar kosti fyrir báða sanningsaðila. Ljóst sé að fyrirsvarsmenn þeirra aðila sem umboðið var veitt hafi margþætta reynslu og sérþekkingu á sviði sanningsgerðar um fiskverð. Þá sé ljóst að með því að fela þriðja aðila umboð verður ekki sama návígi með aðilum sem ella yrði. Sé augljóst að aðstöðumunur aðila er mjög mikill. Annars vegar sé um að ræða sjómenn sem enga þekkingu hafi á verðmyndunarmálum í sjávarútvegi. Hins vegar aðila sem hafa af því atvinnu að semja um fiskverð í viðskiptum við þriðja aðila. Loks verði að líta til þess að vegna úthalds skipsins sé erfitt að finna tíma til þess að sinna þessum málum af hálfu skipverja.

Loks beri að líta til þess að stefndi hafi ekki fært fram nein efnisleg eða málefnaleg rök gegn þeirri framkvæmd sem umboð áhafnar Ásbjörns RE-50 geri ráð fyrir. Sé ljóst að neikvæð afstaða stefnda mótist eingöngu af þeirri staðreynd að fyrirtækið telji sér fært að ná hagfelldari samningum í beinum viðskiptum við áhafnirnar sjálfar í skjóli þess návígis sem er með aðilum. Neikvæð afstaða stefnda í þessum efnem kristallist í því að þrátt fyrir yfirlýstan vilja þeirra til að semja um nýtt fiskverð, hafi þeir í engu sinnt beiðni starfsmanna sinna um að ganga til sanningsgerðar. Það eina sem stefndi hafi í raun aðhafst í málinu sé að þvæla það eftir fremsta megni, þannig að hin efnislegi ágreiningur aðila um fiskverð komi ekki til úrlausnar, sjálfum sér til hagsbóta og áhafnarmeðlimum til tjóns.

Stefnandi byggir málsókn sína á meginreglum vinnuréttar og samningaréttar, kjarasamningum aðila og á alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sbr. c-deild stjórnartíðinda nr. 10/1979 auk laga nr. 7/1936 og lögum nr. 80/1938. Krafa um málskostnað styðst við ákvæði XXI. kafla laga nr. 91/1991 en krafa um álag er nemi virðisaukaskatti við lög nr. 50/1988.

*Málsástæður stefnda.*

Sýknukrafa stefnda er byggð á því að kjarasamninga beri að túlka á þann hátt, að áhafnir skipanna skuli sjálfar annast þessa samningsgerð. Lagður hefur verið fram úrskurður, sem svonefnd úrskurðarnefnd sjómanna og útgerðarmanna kvað upp þann 19. ágúst 1998, þar sem fallist var á sjónarmið stefnda í þessu efni. Á bls. 6-9 í úrskurðinum sé að finna forsendur fyrir þeirri niðurstöðu. Vísar stefndi til þeirra um sjónarmið fyrir sýknukröfu sinni.

Aðalatriðin séu þessi:

Beint orðalag viðkomandi greina kjarasamninganna bendi til þess að túlka beri þau með þeim hætti sem stefndi geri. Þar sé sagt að „útgerðarmaður og áhöfn skuli gera sín í milli samning“ um fiskverð. Hafa verði hugfast að ákvæðið er að finna í kjarasamningi sem gerður sé í nafni heildarsamtaka aðila fyrir hönd aðildarfélaga þeirra. Með því að nefna „útgerðarmann“ og „áhöfn“, en ekki samtökin eða félögin sem gera kjarasamninginn, sé gagngert verið að greina þessa aðila frá samtökunum og félögum. Stefnendur leggi í sóknarskjöllum áherslu á að mál þetta snúist aðeins um þann einfalda hlut, hvort einn aðili megi fela öðrum umboð til að gera samning fyrir sig. Stéttarfélag, sem gerir kjarasamning, sé í reynd að koma fram í umboði þeirra launþega sem laun eiga að taka samkvæmt samningi, jafnvel þó að kjarasamningur sé gerður í nafni stéttarfélags. Þegar í slíkum samningi er tekið fram að aðili, sem samið er fyrir, skuli sjálfur annast tiltekna framkvæmd, sé eðlilegt að skýra samninginn þannig að með því sé gagngert verið að undanþiggja þá framkvæmd umboði þess aðila sem gerir sjálfan kjarasamninginn.

Skilningur stefnda á kjarasamningunum fái sérstaka stoð í þeirri staðreynd að þar sé ákveðið, að leita skuli úrskurðar hinnar svonefndu úrskurðarnefndar ef ekki næst samningur milli áhafnar og útgerðar skips. Úrskurðarnefndin sé einmitt skipuð fulltrúum frá samtökunum sem gera kjarasamningana, sbr. ákvæði þar að lútandi

í samningunum sjálfum, svo og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, en áður 2. mgr. 1. gr. laga nr. 84/1995 um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Sýnist vera augljóst að stofnun nefndarinnar við kjarasamningagerðina 1995 hafi helgast af því að samningsgerðin sjálf um fiskverðið skyldi í fyrstu vera í höndum áhafnanna sjálfra og viðkomandi útgerða og afskipti hagsmunasamtakanna ekki koma til, fyrr en mál kæmi fyrir úrskurðarnefnd.

Allur aðdragandi þess fyrirkomulags, sem tekið var upp í þessu efni við samningagerðina 1995 og síðan var staðfest með löggjöf það ár, styðji eindregið skilning stefnda á kjarasamningunum. Víkið sé að þessu í forsendum úrskurðarnefndar og á framlögðu málflytningsskjali stefnda fyrir úrskurðarnefndinni. Sé ljóst að með breytingunum hafi ætlunin verið að hverfa frá þeirri miðstýrðu verðstjórnun sem fram að því hafði gilt og tók ekki mið af sérstöðu útgerða einstakra skipa og áhafna þeirra, m.a. eftir landshlutum. Áður hafi ákvarðanir um fiskverð verið í höndum svonefnds Verðlagsráðs, sem einmitt hafi verið skipað fulltrúum hagsmunasamtakanna. Frá þessu hafi ætlunin verið að hverfa með nýbreytninni sem um var samið 1995.

Samningsgögn styðji eindregið túlkun stefnda. Á framlögðum skjölum sé að finna tillögur sem fulltrúar sjómannasamtakanna hafi lagt fram við samningagerðina 1995 en ekki hafi náð fram að ganga. Þar hafi þeir lagt til að samningar milli áhafna og útgerða um fiskverð skyldu vera háðir samþykki eða staðfestingu samtaka sjómanna eftirá. Þessu hafi verið hafnað við samningagerðina og sé engin ákvæði í þessa veru að finna í kjarasamningunum. Í þessu dómsmáli gangi kröfur stefnenda í reynd lengra en þessar tillögur hafi gert, því þeir krefjast viðurkenningar á að samtökin megi sjá um samningagerðina sjálfa í umboði áhafna. En samkvæmt tillögunum hafi samþykki þeirra átt að koma til eftirá. Það megi vera alveg ljóst að samtök útgerðarmanna hefðu ekki viljað gera kjarasamninga sem hefðu haft inni að halda samningsákvæði með þessu efni. Það sýni afstaða þeirra til ofangreindra tillagna. Í reynd gangi málsókn stefnenda út á að ná fram fyrir dómi viðurkenningu á samningsatriði sem þeir hafi ekki getað náð fram við samningsborðið. Dómstólar geti að sjálfsgöðu ekki veitt mönnum slíkar viðurkenningar.



Í stefnu virðist stefnendur gera ráð fyrir að stéttarfélag megi víkja frá ákvæðum kjarasamnings án samþykkis viðsemjanda síns. Þessu er mótmælt, enda verði ekki séð hvaða tilgangi það ætti að þjóna að gera samning ef annar samningsaðili er talinn geta einhliða ákveðið breytingar á honum.

Í stefnunni sé talið að dómkröfur stefnenda eigi stoð í alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sem fullgiltur var af Íslands hálfu 22. ágúst 1978. Vísa stefnendur til ákvæða í 8. gr. samningsins. Stefndi telur þennan málflytning fjarstæðukenndan. Afstaða stefnda til krafna stefnenda byggir gagnert á því að stefnendur séu stéttarfélög með öllum réttindum slíkra félaga samkvæmt alþjóðasamningnum, m.a. rétti til að gera kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna sinna. Kröfur stefnda byggist einmitt á túlkun slíkra kjarasamninga. Helst virðist mega skilja þennan málflytning þannig að alþjóðasáttmálinn veiti stéttarfélögum heimild til að virða ekki samningsskyldur sem þau hafi gengist undir við gerð kjarasamninga.

Enn séu í stefnunni hugleiðingar um að túlkun stefnenda hafi kosti fyrir samningsaðila. Þessu mótmælir stefndi. Hann lýsir sig ósammála þessu að efni til en tekur einnig fram að sjónarmiðið hafi ekki nokkra þýðingu fyrir sakarefni málsins.

Loks telji stefnendur að stefndi hafi „ekki fært fram nein efnisleg eða málefnaleg rök“ gegn því fyrirkomulagi, sem stefnukröfur miðast við. Þessi staðhæfing sé undarleg í ljósi þess texta sem á eftir kemur, því þar sé sagt að stefndi telji sig ná hagfelldari samningum í beinum viðskiptum við áhafnirnar sjálfar. Aðalatriðið sé hins vegar að sjónarmið stefnenda um þetta hafi ekki nokkra þýðingu fyrir sakarefni málsins. Stefndi hafi allan tímann sem hér um ræðir verið fús til að semja við áhöfnina um fiskverðið. Stefndi, Grandi hf., hafi samið við áhafnir annarra skipa sinna um fiskverð.

Stefndi vísar til ólögfesta meginreglna um skuldbindingargildi og túlkun samninga. Þá er vísað til laga nr. 13/1998, sbr. það sem um það segir að framan. Um málskostnaðarkröfu er vísað til ákvæða í 21. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 65. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Krafa um virðisaukaskatt af málflytningþóknun byggist á því að Landsamband íslenskra útvegsmanna, sem þennan kostnað greiðir, stundi ekki virðisaukaskattskylda starfsemi skv. lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og

þurfi því að fá þann skatt greiddan úr hendi stefnenda til að verða skaðlaust af honum.

*Niðurstaða.*

Mál þetta snýst um þá dómkröfu stefnenda að Granda hf. sé skylt að ganga til sammingsgerðar við fulltrúa Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands um fiskverð sem lagt verði til grundvallar við hlutaskipti á togaranum Ásbirni RE-50 samkvæmt umboði er áhöfnin veitti þessum aðilum.

Í greinum 1.26. og 1.03. í gildandi kjarasamningum, sem fyrrnefnd sambönd hafa gert fyrir hönd umbjóðenda sinna við Landssamband íslenskra útvegsmanna, eru svofelld ákvæði: „Útgerðarmaður og áhöfn skulu gera sín í milli samning um fiskverð, þegar útgerð selur afla til eigin vinnslu, þ.e.a.s. í viðskiptum milli skyldra aðila.“ Að áliti dómsins ráðast úrslit málsins af túlkun þessara ákvæða. Í kjarasamningunum eru jafnframt ákvæði um hvernig með skuli fara náist ekki samkomulag um fiskverð með útgerð og meiri hluta áhafnar. Skal þá leita úrskurðar svonefndrar úrskurðarnefndar og hafa kjarasamningarnir að geyma fyrirmæli um starfsháttu hennar. Þau fyrirmæli hafa og verið lögfest, fyrst í lögum nr. 84/1995 um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna og nú í II. kafla laga nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar þriggja heildarsamtaka sjómanna og fulltrúar útvegsmanna, svo og oddamaður. Þegar máli er skotið til nefndarinnar skulu fulltrúar sjómanna og útvegsmanna fyrst taka málið til umfjöllunar og nái þeir ekki samkomulagi um fiskverð innan tiltekins frests skal mál tekið fyrir í nefndinni fullskipaðri, er kveður upp úrskurð sem gilda skal í skiptum viðkomandi áhafnar og útgerðar eins og nánar greinir í lögnum og kjarasamningum aðila.

Í báðum þeim kjarasamningum sem hér eru til skoðunar er enn fremur ákvæði um að útgerðarmaður skuli hafa samráð við kjörinn fulltrúa áhafnar um áformaða sölu aflans fyrir a.m.k. mánuð í senn og gera honum grein fyrir fyrirbyggjandi upplýsingum um sölu og fiskverð.

Téð ákvæði í kjarasamningunum komu til í kjölfar þess að fiskverð í landinu var gefið frjálst með breytingu á 6. gr. laga nr. 43/1985 um Verðlagsráð sjávarútvegsins, sbr. 1. gr. laga nr. 84/1991 um breytingu á þeim lögum.

Fulltrúum heildarsamtaka sjómanna er ætlað mikilvægt hlutverk til að ná samkomulagi um fiskverð ef ekki næst samkomulag með áhöfn og útgerð, en á því stigi koma fulltrúar sjómanna og útvegs- manna að málum. Það er ósamrýmanlegt því samningsferli sem kjarasamningarnir gera ráð fyrir að fulltrúar samtaka sjómanna hafi einnig með höndum samningsgerð fyrir áhöfn einstaks skips gagnvart útgerð þess.

Pegar litið er til framangreinds og orðalags hinna umdeildu ákvæða, aðdraganda að gerð þeirra og þeirra úrræða, sem sjómönnum eru tiltæk náist ekki samkomulag með þeim og útgerð, verður að túlka ákvæðin svo að áhöfn Ásbjörns RE-50 sé ekki heimilt að fela fulltrúum Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands að annast samninga um fiskverð fyrir sína hönd gagnvart útgerð skipsins.

Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnenda í málinu.

Stefnendur greiði stefnda málskostnað sem ákveðst 150.000 krónur og hefur þá verið litið til virðisaukaskatts.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Reykjavíkur vegna Granda hf., skal vera sýkn af kröfum stefnenda, Alþýðusambands Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna Sjómannafélags Reykjavíkur og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands vegna Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, í máli þessu.

Stefnendur greiði stefnda 150.000 krónur í málskostnað.

---